

Ed.

776. Frumvarp til laga

[422. mál]

um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Um presta.

1. gr.

1. Kirkjumálaráðherra skipar sóknarpresta í embætti, nema annan veg sé mælt í lögum.
2. Biskup gerir tillögur til kirkjumálaráðherra um skipun í embætti, svo og um setningu í embætti, en biskup setur þó presta um stundarsakir, sbr. 54. gr.

2. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í embætti sóknarprests eru þessi:

1. 25 ára aldur. Kirkjumálaráðherra getur þó að tillögu biskups veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup um hið síðarnefnda atriði leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.
3. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en 4 mánuði undir eftirliti prófests. Um framkvæmd og eftirlit þessa skal nánar kveðið á í reglugerð. Að öðru leyti fer um nám í kennimannlegri guðfræði svo sem segir í reglugerð um nám í guðfræðideild Háskóla Íslands.
4. Aðili hafi ekki gerst sekur um athæfi, sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Nú telur biskup, að hæfni kandídats orki tvímælis, getur hann þá kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis.
5. Að öðru leyti verður maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Sóknarprestar og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem lög þessi ná til og taka laun úr ríkissjóði, eru opinberir starfsmenn og njóta löggjara og bera skyldur samkvæmt því, sbr. lög nr. 38/1954.

4. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við embætti sínu jafnskjótt og föng eru á, eftir að hann hefur hlotið skipun. Ráðherra getur þó, samkvæmt tillögu biskups, veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu, sbr. tilskipun frá 6. janúar 1847.

5. gr.

Kirkjumálaráðherra skal láta byggja og halda við prestssetrum og hlutast til um, að fé fái til þess á fjárlögum, sbr. lög nr. 63/1970, III. kafla, um skipan opinberra framkvæmda. Ráðherra felur sérfróðum mönnum, þegar eftir að lög þessi taka gildi, að vinna í samstarfi við biskup og fulltrúa Prestafélags Íslands að samningu samfelldrar áætlunar um byggingu og viðhald prestssetra næstu tíu ár.

6. gr.

Sóknarprestar skulu hafa prestssetur til umráða. Óheimilt er, að ráðstafa með kaupum, sölu, leigu eða með öðrum hætti réttindum og eignum prestssetra (beneficia), nema til komi samþykki biskups, að fenginni umsögn viðkomandi prófests, héraðsfundar og sóknarnefnda í hlutaðeigandi prestakalli, og skal þá enn fremur liggja fyrir samþykki sóknarprests þess, er veitingu hefur fyrir viðkomandi brauði. Eigi má ráðstafa prestssetrum (beneficia), gögnum þeirra og gæðum, er óveitt standa, með öðrum hætti en þeim, er greinir í tilskipun frá 24. júlí 1789, einkum 7. gr.

7. gr.

1. Prestur, sem veitingu hefur fyrir brauði, hefur óskoraðan rétt til prestsseturs þess, sem því fylgir, með öllum gögnum þess og gæðum svo sem landsvenja er til. Vegna prestssetursjarðarinnar skal honum reiknað tillegg þess er hann bætir, en álag þess er úr sér gengur, og skal kirkjustjórnin ábyrgjast, að fjármunir þessir nýtist prestssetrinu. Allar framkvæmdir á prestssetrinu skulu háðar heimild kirkjustjórnarinnar og skal nánar kveðið á um það í reglugerð, sbr. 58. gr.
2. Skylt er sóknarpresti að hafa aðsetur og lögheimili á prestssetri, nema biskup heimili annað um stundarsakir að fenginni umsögn prófests og viðkomandi sóknarnefnda. Sóknarprestur ber þó ávallt ábyrgð á prestssetrinu og skal sjá til þess að það sé vel hirt og varðveitt í hvívetna.

8. gr.

Nú verða prestaskipti og prestssetur losnar, og eru þá lausir allir samningar og aðrar kvaðir, er prestur hefur bundið prestssetrinu svo sem leiga á landi þess eða réttindum, sbr. og tilskipun frá 6. janúar 1847 og 24. júlí 1789.

9. gr.

Nú er kirkja á prestssetursjörð, og skal prestur þá hafa umsjón með henni í samvinnu við sóknarnefnd. Ef prestur situr ekki prestssetursjörð, skal ábúanda skylt, að ósk sóknarnefndarmanna, að hafa eftirlit með slíkri kirkju.

10. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985, 17. gr. Hann á sæti á héraðsfundum og er skylt að sækja þá. Þá er honum að forfallalaus skylt að sitja fundi, er biskup og prófastur boða honum, sbr. 53. gr. laga þessara og VII. kafla laga nr. 25/1985.

11. gr.

Sóknarpresti er skylt að taka að sér þjónustu til viðbótar embætti sínu innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups, gegn launum samkvæmt 26. gr. laga nr. 38/1954.

12. gr.

1. Sóknarprestar fá greiddan að fullu ferða- og skrifstofukostnað embætta sinna, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda að fengnum tillögum biskups og stjórnar Prestafélags Íslands, sbr. lög nr. 36/1931. Kostnaður þessi greiðist mánaðarlega með launum prests.
2. Sóknarprestum ber þóknun fyrir aukaverk svo sem tíðkast hefur, sbr. prestastefnusamþykkt í júlí 1764 og lög nr. 36/1931.
3. Nú ákveður prestastefna Íslands að breyta fyrirkomulagi þóknunar fyrir aukaverk, og skal það þá heimilt að fengnu samþykki ráðherra.
4. Sóknarpresti skal að jafnaði gert kleift að sækja námskeið til endurmenntunar eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

13. gr.

Biskup leggur sóknarprestum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og aðrar skýrslur, sem presti er skylt að láta í té, og undir embættisvottorð. Hagstofa Íslands leggur sóknarprestum til eyðublöð undir skýrslur, sem senda á þangað.

14. gr.

1. Um einstakar embættisathafnir presta fer svo sem segir í lögum um þau efni og venjur kveða á um.
2. Biskup setur hverjum presti erindisbréf og skal það stílað í samráði við prófastafund, stjórn Prestafélags Íslands og biskupafund.

II. KAFLI

Um aðra starfsmenn kirkjunnar og þjóðkirkjusafnaða.

15. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar biskupsritara að tillögu biskups Íslands.

16. gr.

Um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar fer samkvæmt lögum nr. 3/1981.

17. gr.

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna þjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur, eða prestakall er prestslaust eða prest þarf að ráða af öðrum sérstökum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestvígða menn til starfa samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígðan mann til sérstakrar þjónustu við heyrnarskert fólk.

19. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígðan mann til sérstakrar þjónustu við fanga.

20. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígða menn til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga búsettra erlendis með aðsetri í Kaupmannahöfn, Lundúnum eða annars staðar eftir ákvörðun ráðherra.

21. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða forstöðumann fyrir starfi kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði.

22. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ráða guðfræðing sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Þá er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða tvo eða fleiri menn til starfa með æskulýðsfulltrúa kirkjunnar.

23. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar. Jafnframt er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða menn til starfa með ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar.

24. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prest til sérstakrar sjúkrahúspjónustu til að þjóna, skipuleggja og leiðbeina um kirkjulegt starf á sjúkrahúsum.

25. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða fréttafulltrúa. Skal hann annast tengsl við fjölmiðla og sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun biskups.

26. gr.

1. Biskup Íslands setur starfsmönnum, sem fjallað er um í 15. og 17.—25. gr., erindisbréf og kveður á um ráðningartíma þeirra, sem skal að jafnaði vera 3—5 ár í senn.
2. Ákvæði 1. mgr. á ekki við um núverandi biskupsritara.

27. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða söfnuðum aðstoðarpresta, einnig að vígja aðstoðarpresta, sem söfnuðir kalla og launa og setja þeim erindisbréf.

28. gr.

1. Laun og annar kostnaður við störf þau, sem greind eru hér að framan, greiðist úr ríkissjóði, samkv. úrskurði ráðherra, sbr. og upphaf laga.
2. Prestvígðir menn, sem störfum þessum gegna, skulu teljast þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Óheimilt er þeim að vinna aukaverk sóknarpresta nema í umboði þeirra.

29. gr.

Aðrir þeir sem vígslu hljóta til sérþjónustu innan félagasamtaka eða stofnana skulu þjóna undir eftirliti þeirra svo sem nánar er ákveðið í erindisbréfi, sem biskup setur.

III. KAFLI

Um prófasta.

30. gr.

1. Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups, er leitað hefur áður álitis þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna, sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en þjónandi prestar eru í prófastsdæminu. Sóknarpresti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Biskup getur falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófasts-

- embætti um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á, svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans, eða vegna þess að prófasts missir við.
2. Nú lætur prófastur af prestsembætti í prestakalli, og verður prófastsembætti þá laust. Nú telur prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum, og er þá heimilt að leysa hann undan því embætti, þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleiðis.

31. gr.

1. Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefur í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.
2. Nú er kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu, og veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu og skipuleggur starfsemi á hennar vegum. Hann er formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Hann boðar héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórnar fundum hennar, undirbýr mál, sem sá fundur fær til meðferðar og kemur ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgir þeim eftir, sbr. og VII. kafla laga nr. 25/1985.

32. gr.

1. Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, sbr. og tilskipun 24. júlí 1789, og bókasöfnum prestakalla, sbr. lög nr. 17/1931. Hann skýrir biskupi frá því, sem honum þykir athugasemjulegt um þessar eignir, þ. á m. skorti á viðhaldi, og getur biskup lagt fyrir rétta aðila að bæta úr.
2. Prófastur framkvæmir úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við prestaskipti og þegar prestur flytur í annað húsnæði innan prestakallsins. Hann gerir úttekt á nýjum kirkjum og kapellum.
3. Prófastur setur nýjan prest í embætti, heimsækir presta og vísiterar kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Hann fylgir biskupi á vísitasíum hans til presta og safnaða í prófastsdæminu, sbr. 52. gr.
4. Prófastur gengur eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum sé skilað á réttum tíma, og leggur fyrir héraðsfundi með athugasemdum sínum og sóknarnefnda, eftir atvikum, og tillögum um úrlausn. Þá fjallar hann um ágreining, sem kann að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar.
5. Prófastur löggildir gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, eftir því sem við á.
6. Prófastur veitir presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stundarsakir, en leyfi til lengri fjarvista veitir biskup að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra.
7. Prófastur skipuleggur sumarleyfi og önnur samningsbundin leyfi presta í prófastsdæminu.
8. Nú getur sóknarprestur ekki gegnt embætti vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum, og ákveður prófastur þá í samráði við sóknarprest, hvernig þjónusta hans skuli leyst af hendi.

33. gr.

1. Prófastur hefur þau afskipti af veitingu prestakalla, sem lög kveða á um.
2. Prófastur skipuleggur endurmenntun presta, sem prófastsdæmið beitir sér fyrir í samráði við biskup og prestafélög.
3. Prófastur sér um bókasafn prófastsdæmis, en guðfræðilegu bókasafni prófastsdæmis skal komið á fót samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar fyrir fé, sem veitt kann að vera á fjárlögum í þessu skyni og úr héraðssjóði, svo og fyrir framlög einstakra manna.

34. gr.

Prófastur hefir þau afskipti af kirkjugörðum og heimagrafreitum, sem lög kveða á um.

35. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups leggja prófasti til sérstaka aðstöðu eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds, eftir því sem ráðuneytið samþykkir.

36. gr.

1. Launakjör prófaste eru ákveðin með sama hætti og launakjör presta, að viðhöfðu samráði við Prófastafélag Íslands.
2. Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

37. gr.

Biskup boðar prófaste til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál, er sérstaklega varða störf prófaste og tengsl þeirra við biskup og kirkjumálaráðuneyti. Ferðakostnaður prófaste og önnur útgjöld vegna fundarsetu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

38. gr.

Biskup setur próföstum erindisbréf að fengnu samþykki biskupafundar.

IV. KAFLI

Um biskupa og biskupsdæmi íslensku þjóðkirkjunnar.

39. gr.

Biskupsdæmin á Íslandi skulu vera þrjú: Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi.

40. gr.

1. Reykjavíkurbiskupsdæmi nær yfir Reykjanes, Vesturland og Vestfirði frá Kjalarnesprófastsdæmi til og með Ísafjarðarprófastsdæmi.
2. Skálholtsbiskupsdæmi nær yfir Austurland og Suðurland frá Múlaprófastsdæmi til og með Árnesprófastsdæmi.
3. Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland frá Húnavatnsprófastsdæmi til og með Þingeyjarprófastsdæmi.

41. gr.

1. Biskup Íslands situr í Reykjavík.
2. Skálholtsbiskup situr í Skálholti.
3. Hólabiskup situr á Hólum.
4. Með tilskipun forseta Íslands má þó að tillögu kirkjumálaráðherra ákveða önnur biskupssetur innan biskupsdæmanna, enda mæli meiri hluti þjónandi sóknarpresta og leikmanna, sem rétt eiga til biskupskjörs í hlutaðeigandi biskupsdæmi, með því.

42. gr.

1. Biskup Íslands fer með yfirstjórn sameiginlegra mála þjóðkirkjunnar og kemur fram fyrir hennar hönd út á við gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum í málum, sem varða kirkjuna í heild. Biskup Íslands hefur samráð og samstarf við hina biskupana um ákvörðun mála og getur falið þeim að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

2. Biskupar fara hver með sérmál biskupsdæmis síns. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum þar að lútandi.
3. Biskupar vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hver í sínu biskupsdæmi, hafa yfirumsjón með öllu kirkjulegu starfi þar og setja fram tillögur, umsagnir og álitsgjörðir um mál, er varða biskupsdæmi þeirra sérstaklega. Þeir vísitera kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, sbr. 52. gr.

43. gr.

1. Biskupsstofa skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjuþing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa annast afgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar, einnig mála kirkjuþings og kirkjuráðs svo og sérmála Reykjavíkurbiskupsdæmis.
2. Skálholts- og Hólabiskupum er heimilt að ráða sér fulltrúa.
3. Biskup hefur forræði á dómkirkju biskupsdæmis síns og ber ábyrgð á helgihaldi í henni.
4. Eignir og sjóðir, sem bundnir eru ákveðnu biskupsdæmi, heyra undir biskup þess, en Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald annarra eigna. Kirkjuþing ræður kirkju-eignum þeim, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár eða löggæringar því eigi í gegn.

44. gr.

1. Þegar biskup vígir kirkju, setur hann henni máldaga, þar sem lýst er kirkjunni og getið gripa hennar, eigna og réttinda. Þar skal þess og getið, hversu mikilli þjónustu kirkjan á rétt á árlega, sbr. lög nr. 25/1985, 8. og 9. gr., svo og hver sóknarmörk eru. Kirkjumáldaga skal rita í sérstaka bók, er varðveitist við biskupsembættið.
2. Þá leggur biskup hverri kirkju til sérstaka bók, kirkjubók, sem í verði færðar allar athafnir, sem framkvæmdar eru í kirkjunni, sbr. lög nr. 25/1985, 23. gr., svo og kirkjuskrá, sbr. sömu grein.
3. Verði ágreiningur um fornar eignir og réttindi kirkna, skulu eftirtaldar skrár taldar áreiðanlegar og löggildar kirkjuskrár og máldagabækur:
 1. Auðunar biskups frá 1318.
 2. Jóns biskups Eiríkssonar frá 1360.
 3. Péturs biskups Þorsteinssonar frá 1394.
 4. Vilchins biskups frá 1397.
 5. Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.
 6. Sigurðarregistur, safnað eftir siðaskipti.
 7. Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.

45. gr.

Biskupar skulu vandlega gæta þess, að eigi veljist aðrir til prestþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir, sem til þess eru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar, nema hann hafi áður fengið vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gjörðar eru til prestsvígslu.

46. gr.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Aðrir biskupar eiga sæti á kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétti.

47. gr.

1. Biskup Íslands boðar prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju, en viðkomandi biskup prestastefnu, sem bundin er við biskupsdæmi. Eru biskupar forsetar prestastefnu.

2. Á prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju eiga atkvæðisrett allir starfandi þjóðkirkju-prestar og þeir, sem hafa stöðu þjónandi presta, sbr. 28. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Hliðstæðar reglur eiga við um prestastefnu biskupsdæmis að því er varðar starfsmenn þjóðkirkjunnar og guðfræðinga með búsetu innan biskupsdæmis.
3. Um ferðakostnað og önnur útgjöld presta vegna prestastefnu fer svo sem segir í 12. og 28. gr. Annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

1. Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi, en þó tveir frá Reykjavíkuprofastsdæmi, kjörnir af leikmönnum á héraðsfundi, er kjósa jafnmarga varamenn. Þá eiga þar sæti einn fulltrúi fyrir hver landssamtök kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar.
2. Kostnaður vegna leikmannastefnu skal goldinn úr ríkissjóði, en ferðakostnaður fulltrúa og önnur útgjöld skulu greidd úr héraðssjóði.

49. gr.

Prestastefna og leikmannastefna geta lagt mál fyrir kirkjuráð til flutnings á kirkjuþingi.

50. gr.

Biskup Íslands boðar biskupafund eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Biskupafundur getur lagt mál fyrir kirkjuþing.

51. gr.

Leggja skal biskupum til embættisbústaði.

52. gr.

1. Við vísitásiur skal biskup kynna sér kirkjulegt og kristilegt starf í sóknunum, sambúð prests og sóknarfólks, ásigkomulag kirkju og prestsseturs og annað það, er varðar hag sóknar og prests. Skal hann gjöra tillögur til úrbóta, þar sem þurfa þykir.
2. Sóknarpresti og sóknarnefnd er skylt að koma til vísitásíu biskups og vera honum til aðstoðar og láta honum í té þær upplýsingar, sem leitað er eftir. Þeir skulu undirrita vísitásiugjörðina ásamt biskupi, en heimilt er þeim að láta bóka þar ágreining, ef um slíkt er að ræða.
3. Þyki biskupi í einhverju áfátt um búnað kirkju eða viðhald hennar, störf sóknarnefndar, framkomu prests og embættisstörf eða það, hvernig hann situr staðinn, skal hann vanda um við hlutadeigendur. Enn fremur getur hann í vísitásíu bókað ákveðnar kröfur sínar í þessum efnunum.
4. Prófastur skal fylgja biskupi á vísitásíum og hlutast til um, að ákvörðunum vísitásíu sé fylgt eftir.

53. gr.

Auk lögboðinna skýrslna embættismanna þjóðkirkjunnar er biskupi rétt að krefja þá skýrslna um störf þeirra og embættisrekstur í því formi, sem hann ákveður. Þá getur biskup skyldað presta til þess að sækja kirkjulega fundi, sbr. 10. gr.

54. gr.

Biskupar setja presta og prófasta um stundarsakir þegar þörf krefur, sbr. 1. og 30. gr.

55. gr.

1. Nú getur biskup ekki gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og getur hann þá með samþykki ráðherra falið öðrum, eftir því sem við á, að gegna embættinu um hríð á sína ábyrgð.
2. Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti, og skal þá setja þann biskup, sem eldri er að biskupsvígslu, til þess að gegna embættinu, uns nýr biskup hefur verið skipaður. Nú fellur Skálholts- eða Hólabiskup frá eða lætur af embætti, og skal þá biskup Íslands gegna störfum hans, uns nýr biskup hefur verið skipaður.

56. gr.

Biskup Íslands vígir biskupa eða sá hinna biskupanna, sem eldri er að biskupsvígslu.

57. gr.

Nú losnar biskupsembætti í þjóðkirkjunni. Skal þá ráðherra láta fara fram biskupskjör. Um biskupskjör er kveðið á í öðrum lögum.

V. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

58. gr.

Kirkjumálaráðherra er rétt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð að fengnum tillögum biskups.

59. gr.

1. Lög þessi taka gildi þegar í stað, sbr. þó 26. gr. 2. málsg.
2. Frá sama tíma falla úr gildi þessi lög og réttarreglur:
 - Konungsbréf 16. febr. 1621, um aldur presta.
 - Alþingissamþykkt 30. júní 1629 um legorð presta.
 - Alþingissamþykkt 1. júlí 1629 um prestsmötu.
 - Konungsbréf 10. desember 1646 um legorð presta.
 - Dönsku lög Kristjáns V. frá 15. apríl 1683, 2. bók 2. kap. 5. gr. og 2. bók 11. kap. 13. gr.
 - Konungsbréf 9. maí 1738 um legorð andlegrar stéttar manna.
 - Konungsbréf 6. maí 1740 um portionsreikning bændakirkna.
 - Tilskipun 29. maí 1744 áhrærandi umgdómsins catachisation á Íslandi.
 - Konungsbréf 19. maí 1747 um gegnumdregnar bækur.
 - Konungsbréf 27. febr. 1756 um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti.
 - Konungsbréf 11. mars 1796 um prestsverk prófafa innan prófastsdæmis.
 - Tilskipun 29. maí 1744 áhrærandi ungdómsins catachisation á Íslandi.
 - Lög nr. 4 27. febr. 1880 um eftirlaun presta.
 - Lög nr. 13 3. okt. 1884 um eftirlaun prestsekkna.
 - Lög nr. 21 22. maí 1890, viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsfunda.
 - Lög nr. 47 16. nóv. 1907, um laun prófafa, 3. gr.
 - Lög nr. 48 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.
 - Lög nr. 49 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
 - Lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.
 - Lög nr. 35 9. maí 1970 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, 6. gr. 2. mgr., 7. — 10. gr., 16. og 17. gr.

3. Enn fremur skulu önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara, falla úr gildi við gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af kirkjulaganefnd.

Ýmsar stofnanir kirkjunnar bæði kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefna hafa fjallað um frumvarpið og gert á því ýmsar breytingar. Frumvarpið var að því búnu sent kirkjulaganefnd. Eftir þá umfjöllun, sem frumvarpið fékk hjá hinum ýmsu kirkjulegu stofnunum, ákvað nefndin að gera að svo stöddu ekki efnislegar breytingar á því.

Í frumvarpinu er ákvæði, sem ríkisstjórnin getur ekki samþykkt óbreytt. Það er hins vegar eindregin ósk kirkjuráðs, að það verði lagt fram á Alþingi óbreytt. Því hefur verið ákveðið að leggja frumvarpið fram til kynningar án þess að afstaða hafi verið tekin til þess í heild. Augljóst er að einhverjar breytingar þarf að gera á frumvarpinu áður en það hlýtur endanlega afgreiðslu.

Með frumvarpinu fylgdi af hálfu kirkjulaganefndar svo hljóðandi

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af kirkjulaganefnd, en í henni áttu sæti dr. Sigurbjörn Einarsson biskup og síðar Pétur Sigurgeirsson biskup, formenn, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri og síðar Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri. Upphaflega frv. var sent til umsagnar kirkjuráðs og kirkjuþings 1982. Eftir það var ýmsu breytt í frv. í meðförum kirkjulaganefndar. Kom frv. síðan til umfjöllunar í kirkjuráði, á prófastafundum og biskupafundum svo og á synóðus 1984, er kaus nefnd til að setja fram ábendingar og breytingartillögur. Lágu þessar tillögur fyrir kirkjuþingi haustið 1984 og voru þá ýmsar breytingar gerðar á frv. Að svo búnu kom frumvarpið til kirkjuráðs, er sendi það að nýju til kirkjulaganefndar.

Kirkjulaganefnd telur, að eftir umfjöllun þá, sem frv. hefir hlotið hjá stofnunum þjóðkirkjunnar, sé eðlilegast, að frv. verði sent til kirkjumálaráðherra með ósk um, að það verði flutt á Alþingi á þeim grundvelli og í þeim búningi, er þessir aðiljar hafa valið því. Lokaafgreiðsla kirkjulaganefndar hefir því aðeins varðað lagatæknileg atriði og samningu greinargerðar, en ekki hefir verið haggð við efnisatriðum frv., eins og það kom frá stofnunum þjóðkirkjunnar, í neinu, sem verulegu skiptir.

I.

Lagaákvæði um starfsmenn Þjóðkirkju Íslands eru sundurleit og frá mismunandi tímum. Við vinnubrögð að samningu frv. þessa hefir það verið haft að leiðarljósi, að löggjöf um þetta efni yrði jafn samfelld og heildstæð og kostur væri. Felur það m.a. í sér endurskoðun á gömlum lagaákvæðum, sem felld yrðu úr gildi að svo miklu leyti, sem efni þeirra yrði skipað með ákvæðum frv. þessa. Við athugun málsins varð þó ljóst, að ýmis atriði í þessum gömlu lagaböðum eða lagaböðin í heild sinni eiga ekki lengur við, og þótti þá rétt að leggja þau fyrir róða án þess að ný efnisákvæði kæmu í staðinn. Að öðru leyti hefir það verið grundvallarsjónarmið við samningu frv. að kanna þörf Þjóðkirkjunnar á nýjum

starfsmönnum, miðað við stóraukin störf kirkjunnar í vaxandi þjóðfélagi. Í frv. þessu fjallar einn kafli, IV. kafli um biskupa og biskupsdæmi Þjóðkirkjunnar og felst í honum, að biskupar verði þrír, svo sem greint verður hér síðar. Í II. kafla frv. er einnig gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, annarra en sóknarpresta, en frv. geymir ekki ákvæði um prestaköll og prestakallaskipun og ekki um veitingu prestsembætta.

Meginefni frv. fjallar um embættisgengi, störf og starfshætti presta, prófaste og biskupa og nokkurra annarra starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Fjarri fer því þó, að tæmandi ákvæði séu um þessi efni í frv., enda hlýtur margt á þessu sviði að ráðast af venjum og skipan innri málefna kirkjunnar, sbr. 13. gr. laga 48/1982. Við samningu frv. var rík hliðsjón höfð af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ljóst er þó, að um starfsmenn Þjóðkirkjunnar hljóta að gilda sérstæðar reglur eftir eðli máls og af trúarlegum og sögubundnum ástæðum.

Á Alþingi 1922 var flutt frv. til laga um presta Þjóðkirkjunnar og prófaste (Alptíð. þ.á., þingskjal 3), og var það samið á grundvelli frv., er Jón biskup Helgason tók saman. Þessu frv. var vísað frá umræðu með rökstuddri dagskrá til frekari undirbúnings af hálfu ríkisstjórnar, og skyldi m.a. leita umsagnar ýmissa aðilja um frv. Frv. þetta var ekki lagt síðar fyrir Alþingi. Frv. til laga um biskupa og biskupsdæmi hafa verið flutt þrívægis á Alþingi (1941, 1945 og 1976) án þess að hljóta efnisafgreiðslu. Samkvæmt frv. 1941 og 1976 (á vor- og haustþingi) skyldu biskupar vera tveir, en í frv. 1945 var gert ráð fyrir, að biskup yrði einn, en vígslubiskupar tveir með auknum verkefnum.

Kirkjuþing hefir margoftert gert ályktanir um biskupsdæmi, einkum um þrjá biskupa (1964, 1966, 1968 og síðast 1982 og 1984). Starfsháttanefnd Þjóðkirkjunnar lagði fram tillögur sínar árið 1977, og hafa margar þeirra hlotið afgreiðslu á kirkjuþingi, þ. á m. eru tillögur er varða það efni, er frv. þetta fjallar um. Hefir mikil hliðsjón verið höfð af þeim tillögum við samningu frv. þessa. Hér á eftir fer greinargerð um einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um skipun og setningu í prestsembætti, reglur um embættisgengi og réttarstöðu og lögkjör presta. Um einstakar embættisathafnir eru ekki ákvæði hér, sbr. 14. gr. frv. Svo sem áður greinir eru ekki ákvæði í frv. um skipun prestakalla.

Um 1. gr.

Skv. greininni skipar kirkjumálaráðherra sóknarpresta í embætti eftir tillögum biskups, þ.e. í samræmi við tillögur hans. Gert er ráð fyrir, að sú venjubundna tilhögun standi óbreytt, að biskup setji (ráði) menn til að gegna embætti um stundarsakir. Hér gætir því eigi breytinga frá þeirri framkvæmd, sem nú tíðkast. Sjá og 30. og 54. gr. frv.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um embættisgengi sóknarpresta, þ.e. hvaða skilyrðum maður verður að fullnægja til þess að verða skipaður eða settur í embætti sóknarprests.

1. Í 1. tölulið er áskilinn 25 ára aldur, sbr. konungsbréf 16. febrúar 1621, sem gert er ráð fyrir, að numið verði úr lögum. Ákvæðið er undanþægt, sbr. og tilgreint lagaboð. Á árum áður var það allttítt, að aldursleyfi væru veitt, en er fátítt hin síðari ár.
2. Í 2. tölulið er það lagaskilyrði, að maður hafi lokið embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða kandidateisprófi frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla. Um hið síðastnefnda skal biskup leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Telja má víst, að próf frá norrænu guðfræðideildunum yrðu

viðurkennd hér á landi, en um kennimannlega guðfræði kann þó að gegna sérstöku máli. Með þessu ákvæði er lagt til að lögfestar verði reglur, sem nú gilda í raun, að því er ætla verður.

3. Í 3. tölulið er kveðið á um starfsþjálfun kandidateis í a.m.k. 4 mánuði, áður en hann hlýtur víslu. Er það nýmæli. Kirkjunnar menn hafa oft bent á nauðsyn slíkrar starfsþjálfunar, og hefir þessu máli m.a. verið hreyft á kirkjubing. Í frv. er lagt til, að prófasti sé falin umsjón í þessu efni, en um framkvæmd og eftirlit verði nánar mælt í reglugerð. Eftir sem áður er gert ráð fyrir, að kandidateat hljóti fræðslu í kennimannlegri guðfræði í guðfræðideild Háskólans eftir því sem nánar segir í reglugerð um það nám. Lágmarkstími starfsþjálfunar er 4 mánuðir, en hann má lengja með reglugerðarákvæði. Eigi er kveðið á um launakjör guðfræðings í starfsþjálfun, en á því er byggt, að hann hljóti laun, meðan á þessari starfsþjálfun stendur. Ekki er það forsenda fyrir því, að kandidateat geti hlotið starfsþjálfun, að hann hafi vottorð biskups um, að hann sé hæfur til að takast á hendur prestþjónustu í þjóðkirkjunni, sbr. 4. tölulið 2. gr. og 45. gr. frv. Benda má á í sambandi við 3. tölulið, að á Alþingi 1942 flutti séra Sveinbjörn Högnason frv. til laga um verklegt nám kandidateata frá Háskóla Íslands, þ. á m. guðfræðinga, en það frv. náði ekki fram að ganga.
4. Í 4. tölulið eru ákvæði um, að sá maður sé ekki embættisgengur, sem gerst hafi sekur um athæfi, sem ætla megi að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Í þessu felst, sbr. og tilvísun 5. töluliðs til 3. gr. laga 38/1954, að sá maður, sem hefir flekkað mannorð i lagaskilningi, sé ekki embættisgengur, nema fengið hafi uppreist æru. Í 4. tölulið er hins vegar gengið lengra svo sem títt er um ýmsa aðra ríkisstarfsmenn, sbr. t.d. um dómara 35. gr. laga 85/1936 og um lækna, læknalög 80/1969. Að því er varðar siðferðiskröfur orkar ekki tvímælis að gera verður ríkar kröfur til presta, en ýmis lagaboð frá 17. og 18. öld, sem enn eru tekin í lagasöfn, eru gersamlega úrelt, og er lagt til, að þau verði afnumin, sbr. 59. gr. frv. Tekið skal fram, að skv. 4. tölulið þarf athæfi, sem maður er sakaður um, að vera sannað með dómi eða með öðrum ótvíræðum hætti og má hér benda á ákvæðin um kirkjudóm í 7. gr. laga 74/1974 og Synóðarétt í 3. gr. laga 75/1973.
5. Í 5. tölulið er vísað um almenn skilyrði til að gegna embætti til 3. gr. laga 38/1954, og felst í því, að íslenskur ríkisborgararéttur er almennt áskilinn, sbr. þó undanþáguheimild í 4. tölulið 3. gr., fjárræði og væntanlega fjárforræði svo og óflekkað mannorð. Enn fremur felst í þessari tilvísun, að konur og karlar hafa sama rétt til embætta innan þjóðkirkjunnar, sbr. og lög 37/1911, og sama rétt til launa og annarra starfskjara. Skilyrðum um embættisgengi verður bæði að fullnægja, þegar manni er veitt embætti og svo síðar.

Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda. Ákvæðið er ekki tæmandi og ber að varast gagnályktun.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að unnt sé að veita sóknarpresti, sem skipaður hefir verið í embætti nokkurn frest til að taka við því. Reynir einkum á þetta þegar prestur flyst milli prestakalla. Getur verið erfitt fyrir hann að flytjast til nýs prestakalls fyrirvaralítið, þ. á m. þegar hann situr prestssetur, sem bújörð fylgir. Er það gömul regla, að þá skuli miða við fardaga, ef prestur óskar, sbr. tilsk. 6. janúar 1847, og er lagt til, að ákvæði, sem að því lúti, verði áréttað í þessari grein. Ekki er vikið sérstaklega að því, hvernig ráðstafa skuli þjónustu í því prestakalli, sem prestur hefir verið skipaður í, og geta ýmsir kostir komið þar til greina, en um það fer eftir almennum reglum, sem myndast hafa.

Um 5. gr.

Hér er m.a. mælt fyrir um, að kirkjumálaráðherra feli sérfróðum mönnum þegar eftir gildistöku laganna að vinna í samstarfi við biskup og fulltrúa Prestafélags Íslands að samningu samfelldrar áætlunar um byggingu og viðhald prestssetra næstu 10 árin. Er vissulega þörf á markvísum vinnubrögðum í þessu efni á grundvelli rækilegri kannana á núverandi ástandi prestssetra og tillögugerðar um úrbætur. Í því efni þarf einnig að hyggja að nýjum prestssetrum.

Um 6.—8. gr.

Ákvæði þessara greina fjalla um prestssetur og m.a. stöðu presta að lögum, að því er þau varðar. eru ákvæði 6. gr. reist á því, að prestssetrin séu sjálfseignarstofnanir og fari um ráðstafanir að því er þau varðar samkvæmt því. Í 7. gr. eru fyrirmæli um fégreiðslur til prests, er bætir prestssetursjörð, og svo álag vegna þess, er úr sér hefir gengið. Er presti skylt að sitja á prestssetri, nema biskup heimili annað um stundarsakir að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefndar. Í 8. gr. er það ákvæði, að allir samningar, sem prestur gerir um prestssetur séu lausir, við prestaskipti, er prestssetur losna.

Sérstök athygli er vakin á upphafi 6. gr., er kveður svo á, að sóknarprestur skuli hafa prestssetur til umráða.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar mun vera í samræmi við lagaframkvæmd.

Um 10. gr.

Í þessari grein segir um skyldu sóknarprestis til að sitja fundi sóknarnefndar, sbr. og lög um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985, 17. gr., og skyldu til að sækja héraðsfundi, svo og fundi, sem biskup eða prófastur boðar honum, sbr. og 52. gr. frv. um vísitasíur. Þessi grein mun vera í samræmi við það, sem nú er talið gilda, en ástæða er til að lögfesta þær reglur.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar er til að taka af tvímæli, en greinin er í samræmi við lagaframkvæmdina.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. um ferða- og skrifstofukostnað eru í samræmi við þá lagaframkvæmd, sem á hefir komist.

Um aukaverk eru ákvæði í lögum 36/1931. Segir í 12. gr., að sóknarprestum beri þóknun fyrir aukaverk, svo sem tíðkast hefir, þ.e. eftir gjaldskrá, sem ráðherra setur á grundvelli tillagna Prestafélags Íslands. Þetta mál hefir verið rætt mikið í félagsskap presta og þykir rétt að kveða svo á í greininni, að heimilt sé að breyta fyrirkomulagi um aukaverk að fengnu samþykki ráðherra, þ.e. án þess að lagabreyting þurfi til að koma.

Prestum er vissulega mikil þörf á endurmenntun og er síðasta málsgrein 12. gr. við það miðuð, að fjárstuðningur sé veittur í því skyni.

Um 13. gr.

Greinin er í samræmi við núverandi lagaframkvæmd.

Um 14. gr.

Svo sem áður er greint, er eigi fjallað í frv. þessu um einstakar embættisathafnir presta, svo sem guðsþjónustuhald, skírn, fermingu, greftrun, sálgæslu o.fl. Fer um það eftir almennum reglum og venjum, sem myndast hafa. Er þess að gæta, að hér er um margt um innri málefni kirkjunnar að ræða, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga 48/1982.

Biskup setur presti erindisbréf í samráði við prófastafund, stjórn Prestafélags Íslands og biskupafundi, sbr. 2. mgr., og verður þar væntanlega fjallað m.a. um einstaka þætti í störfum presta.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en presta, en um biskupa er fjallað í IV. kafla. Með lögum um skipun prestakalla og prófastsdæmi og um kristnisjód nr. 35/1970 var veitt heimild til að ráða ýmsa starfsmenn í þágu þjóðkirkjunnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. (farprestur), 7. gr. (æskulýðsfulltrúi og tveir menn honum til aðstoðar), 8. gr. (ráðning prestvígðra manna til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu), 9. gr. (ráðning prestvígðs manns til starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum).

Þeir starfsmenn, sem þessi ákvæði lúta að, hafa gegnt veigamiklu hlutverki í þjónustu þjóðkirkjunnar. Vaxandi starfsemi kirkjunnar hefir leitt í ljós þörf á að fjölga starfsmönnum í ýmsum þeim störfum, sem ákvæðin víkja að. Þá hafa enn myndast nýjar þarfir og ný verkefni, sem nauðsynlega þarf að sinna. Taka ákvæði II. kafla frv. mið af þessu.

Gæta þarf þess skv. framansögðu, að ákvæði 6. gr. 2. mgr. og 7.—9. gr. laga 35/1970 eru felld inn í frv. þetta, og fjölgun starfsmanna sem frv. felur í sér kemur því fram með samanburði á ákvæðum þessa frv. og ákvæðum laga 35/1970, sem til var vitnað. Fer hér á eftir yfirlit yfir þá fjölgun starfsmanna sem í frv. felst:

1. Skv. 17. gr. er kveðið á um heimild til ráðningar tveggja presta, er gegna þjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakall er prestslaust eða aðrar sérstakar ástæður koma til, (sbr. 6. gr. laga 35/1970). Leiðir reynslan í ljós að brýn þörf er á þessari heimild, þar sem oft ber svo við, að t.d. vegna heilsuhaga eru tveir prestar í veikindaleyfi í senn. Í 17. gr. er lagt til, að heimiluð verði ráðning fleiri presta, ef sérstaklega stendur á.
2. Skv. 18. gr. frv. er lagt til, að heimiluð sé ráðning prestvígðs manns til þjónustu við heyrnarskert fólk. Hér er raunverulega eingöngu farið fram á lögfestingu á starfi, sem nú er fyrir hendi, en reynslan sýnir, að mikil þörf er á því.
3. Skv. 19. gr. er heimil ráðning prests til þjónustu við fanga. Er sú ráðning nú fyrir hendi skv. 8. gr. laga 35/1970, og er þörf á að auka þá starfsemi.
4. Í 20. gr. er heimiluð ráðning presta til starfa meðal Íslendinga erlendis með aðsetri í Kaupmannahöfn, Lundúnum eða annars staðar, enda samþykki ráðherra það, sbr. 9. gr. laga 35/1970 um prest í Kaupmannahöfn. Þessi grein er staðfesting á þróun, sem orðið hefir, en nú eru tveir prestar starfandi meðal Íslendinga erlendis, með aðsetri í Kaupmannahöfn og Lundúnum, en greinin er þó víðtækari þar sem ráðherra getur bætt við fleiri prestum til starfa þessara, sbr. hins vegar 9. gr. laga 35/1970. Störf presta þessara hafa mjög aukist m.a. vegna þjónustu við sjúklinga og menn, sem lenda í vandræðum erlendis, þ. á m. vegna afbrota eða óreiðulífs.
5. Í 21. gr. frv. er heimiluð með samþykki ráðherra ráðning forstöðumanns fyrir starfi kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði. Skólinn að Löngumýri var afhentur Þjóðkirkju Íslands með gjafabréfi 1. júní 1962 og var það mikilsmetín gjöf. Skólinn starfaði í umsjá kirkjunnar frá hausti 1962 og allt til áramóta 1983–1984, en þá var skólinn lagður niður. Voru laun kennara á þessum tíma greidd skv. fjárlögum, en Kristnisjóður styrkti starfsemi skólans. Laun forstöðukonu, er skipuleggur og hefir umsjón með kirkjulegri starfsemi þar, eru greidd skv. fjárlögum. Í greininni er það eitt lagt til, að þessi heimild verði lögfest.
6. Heimildin til ráðningar æskulýðsfulltrúa og aðstoðarmanna hans skv. 22. gr. frv. er að mestu í samræmi við 7. gr. laga 35/1970. Hér er þó miðað við guðfræðing, en eigi prestvígðan mann, svo sem segir í 7. gr. laga 35/1970. Lagt er og til að heimilað verði að

ráða tvo eða fleiri aðstoðarmenn hans. Æskulýðsstarfsemi þjóðkirkjunnar hefir mjög aukist hin síðari ár, og verður henni ekki haldið uppi, svo að vel fari, nema með allmiklum mannafla. Er ákvæði á þessu reist.

7. Í 23. gr. frv. er lagt til, að heimilað verði með samþykki kirkjumálaráðherra að ráða ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar, svo og að ráða aðra starfsmenn til starfa með ellimálafulltrúanum. Þessi starfsemi kirkjunnar hlýtur að fara mjög í vöxt, enda fjölgar öldruðu fólki mjög, eins og alkunna er. Þessi starfsemi er margþætt, og tekur bæði til þjónustu við aldraða í heimahúsum og á elliheimilum og svo margt konar starfsemi í kirkjum og á samkomum. Aldrað fólk þarf mjög á aukinni félagslegri þjónustu að halda og liðsinni trúrækilegs eðlis. Í lögum er ekki vikið að þessari starfsemi, en veitt hefir þó verið fé til hennar frá hinu opinbera nokkur umliðin ár. Athugandi er, að það er ekki skilyrði skv. 23. gr., að starfsmennirnir séu guðfræðingar, enda kemur annars konar menntað fólk þar mjög til greina. Gert er ráð fyrir að ellimálafulltrúi þjóðkirkjunnar skipuleggi starfið og leiðbeini og hafi yfirumsjón með því.
8. Í 24. gr. frv. er heimilað, að ráðinn verði prestur til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu, sbr. nú 8. gr. laga 35/1970. Þarf nauðsynlega að efla þessa starfsemi, undir umsjón prests, sem er sérstaklega menntaður og þjálfaður á þessu sviði. Ljóst er, að það kemur mjög í hlut sóknarpresta almennt að sinna sjúkrahúsaþjónustu.
9. Í 25. gr. er lagt til, að heimilað verði að ráða fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar. Slíkur starfsmaður hefir gegnt starfi um nokkurra ára skeið. Er mikil nauðsyn á því, að starf þetta verði lögfest og öruggur lagagrundvöllur fenginn fyrir því.

Um aðrar greinar kaflans en 17.—25. gr.

Um 15. gr.

Um biskupsritara nýtur eigi við lagaákvæða, þótt starf hans hafi lengi verið við lýði. Var það á sínum tíma í launalögum, og er greint í kjarasamningum o.fl. Þykir rétt að lögfesta embættið og fari eftir tillögum biskups um skipun í það, svo sem verið hefir. Skv. 26. gr. frv. er gert ráð fyrir, að starfið sé tímabundið, 3—5 ár að jafnaði, en ekki getur það þó átt við núverandi biskupsritara, sem skipaður hefir verið í starfið ótímabundið. Bent er á, að ekki er það skilyrði, að biskupsritari hafi guðfræðimenntun.

Um 16. gr.

Greinin felur aðeins í sér tilvísun til laga um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og breytir ákvæðið engu efnislega.

Um 17.—25. gr.

Sjá hér að framan.

Um 26. gr.

Gert er ráð fyrir í þessari grein, að ráðning til starfa, sem greinir í þessum kafla, verði tímabundin, 3—5 ár að jafnaði. Þetta gildir þó ekki um starf söngmálastjóra, sbr. 16. gr. Eru hliðstæð ákvæði um ráðningu æskulýðsfulltrúa og prests til starfa með Íslendingum erlendis, sbr. 7. og 9. gr. laga 35/1970, en þar er ráðningartími bundinn við allt að 3 árum í senn. Hefir reyndin orðið sú, ekki síst með prest í Kaupmannahöfn, að ráðning hefir verið framlengd allmikið. Rök fyrir tímabundnum ráðningum við þessi störf eru m. a. þau, að mikilvægt er að guðfræðingar eigi kost á sem víðtækastri starfsreynslu, en hreyfileiki í þeim störfum, sem hér um ræðir, stuðlar mjög að þessu. Orðin „að jafnaði“ fela í sér, að unnt er, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þessu, og orðin „í senn“ sýna, að heimilt er að framlengja ráðningartíma um allt að 3—5 árum, og er fordæmi fyrir því, sbr. framanritað.

Um 27. gr.

Lengi hefir verið talið heimilt að ráða aðstoðarpresta til þjónustu en lagaákvæði um það eru af skornum skammti sbr. kirkjuskipan 1607, IV., II-9. Er lagt til með þessu ákvæði, að heimildin sé að nýju fest í skráðum lögum.

Um 28. gr.

Í fyrri málsgr. er fjallað um laun og annan kostnað, þ. á m. ferðakostnað og skrifstofukostnað.

Í síðari málsgr. segir, að prestvígðir menn, sem gegna störfum þessum séu þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. og 10. gr. laga 35/1970, en megi þó ekki vinna aukaverk sóknarpresta nema í umboði þeirra, þ. e. með samþykki þeirra. Á þetta t. d. við um skírn barna og hjónavígslu, sbr. um hið síðargreinda 16. gr. laga 60/1972.

Um 29. gr.

Eðlilegt þykir að skipa málinu svo sem hér segir.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæðin um prófaste. Þau hafa sætt rækilegri athugun á prófastafundum, en ákvæðin í frv. eru eins og kirkjuþing afgreiddi þau haustið 1984. Ákvæðin gera ráð fyrir, að prófastur verði virkari um eftirlit og umsjón með kirkjustarfi en nú er, en störf sín vinnur hann að verulegu leyti í umboði biskups. Ef kirkjulegri starfsstöð verður komið á fót í prófastsdæmi, veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu, sbr. 31. gr. Störf prófaste verða skv. frv. með svipuðum hætti ella og verið hefir. Bent er á, að í lögum nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl., er m. a. gert ráð fyrir að héraðsnefnd verði stofnuð undir forsæti prófaste. Í lögum um sóknargjöld o. fl. nr. 80/1985 er kveðið á um stofnun héraðssjóðs, og er prófastur stjórnarformaður. Búast má við því, að störf prófaste aukist til muna, sérstaklega í þéttbýli. Er því nauðsynlegt að hyggja sérstaklega að starfsaðstöðu prófaste, og er að því vikið í 35. gr. frv.

Um 30. gr.

Nokkur nýmæli eru í þessari grein.

1. Þjónandi prestar í prófastsdæmi kjósa prófast, skv. þessu ákvæði, og er það í samræmi við það, sem nú tíðkast. Það er nýmæli, að auk þess skuli taka þátt í tilnefningunni þrír fulltrúar leikmanna, sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en prestar eru í prófastsdæmi. Um hluttöku leikmanna í þessari tilnefningu hafa verið uppi ýmsar hugmyndir, en frv. er hér í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings. Biskup og kirkjumálaráðherra eru ekki bundnir við álit presta og leikmanna skv. þessu. Byggt er hér á, að ráðherra muni ávallt fara eftir tillögu biskups.

2. Í 30. gr. 1. mgr. segir að sóknarpresti sé skylt að takast á hendur prófastsembætti, en þó er heimilt skv. 2. mgr. að leysa hann undan því starfi, ef hann telur sér óhægt að gegna því vegna veikinda eða af öðrum persónulegum ástæðum, þótt hann gegni prestsembætti áfram.

3. Sérstök ákvæði eru um það, er prófastur getur ekki gegnt embætti um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvista eða af öðrum ástæðum. Getur biskup þá falið presti eða nágrannaprófasti að gegna embættinu um stundarsakir. Er þetta í samræmi við venjur.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. eru almenn ákvæði um stöðu prófaste, og eru þau í samræmi við venjur og lög.

Í 2. mgr. er rætt um kirkjulega starfsstöð í prófastsdæmi. Eru hugmyndir uppi um það innan kirkjunnar að stofna slíka stöð, er skipuleggi starfsemi kirkjunnar innan prófastsdæmis og verði til liðsinnis við kirkjulegt starf ýmiss konar. Í tengslum við það er svo hugmyndin um

héraðssjóði, sbr. 8. gr. laga 80/1985 um sóknargjöld o. fl. Er lagt til í 31. gr. frv., að prófastur verði að jafnaði forstöðumaður starfsstöðvar. Um hið síðarnefnda skal tekið fram, að heimilt er að ráða einn af sóknarprestum prófastsdæmis forstöðumann starfsstöðvar, m. a. þegar prófastur færist undan að gegna þeim starfa.

Í 2. mgr. segir enn fremur um störf prófasts í tengslum við héraðsfundi, bæði um boðun fundar, undirbúning hans og um að fylgja eftir ályktunum fundarins, sbr. nánar í lögum um kirkjusóknir o. fl., nr. 25/1985, VII. kafla, er áður greinir.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ýmis störf prófasta. Er greinin um sumt samantekt á ýmsum lagaákvæðum og venjum, en að öðru leyti er um nýmæli að ræða.

1. Eitt af meginverkefnum prófasts frá fornu fari er eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, sbr. tilsk. 24. júlí 1789, og svo bókasöfnum prestakalla, sbr. lög 17/1931, og er þess getið í 1. mgr. greinarinnar.
2. Annað meginverkefni er úttekt á prestssetrum og öðrum embættisbústöðum presta við prestaskipti, sbr. 2. mgr., þar sem því er bætt við að prófastur geri úttekt á nýjum kirkjum og kapellum.
3. Þriðja verkefnið, sbr. 3. mgr. er að vísitera kirkjur og söfnuði, og að fylgja biskupi á vísitasíum hans, sbr. 3. mgr.
4. Fjórdða verkefni er að setja nýjan prest í embætti, og er löng venja fyrir því.
5. Í 4. mgr. eru ákvæði um störf prófasta í tengslum við starfsskýrslur og endurskoðaða reikninga, sem hann leggur fyrir héraðsfundi.
6. Í sömu málsg. er vikið að því, að prófastur fjalli um ágreining sem rísa kynni milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar, í því skyni að jafna þann ágreining.
7. Í 5. mgr. er svo fyrir mælt, að prófastur löggildi gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, þar á meðal reikningsskilabækur.
8. Í 6. mgr. segir, að prófastur veiti presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stutta stund, en til lengri leyfa þarf samþykki ráðherra að fenginni tillögu biskups.
9. Í 7. málsg. segir, að prófastur skipuleggi sumarleyfi og önnur samningsbundin leyfi presta í prófastsdæmi. Er mikilvægt, að þeim málum sé skipað með hagkvæmum hætti.
10. Að lokum er svo prófasti ætlað í 8. mgr. að ákveða, hvernig þjónusta skuli af hendi leyst, ef sóknarprestur getur ekki vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum gegnt embætti er sú skipan á gerð í samráði við sóknarprest. Ef um t. d. meiri háttar og langvarandi veikindi er að ræða, hlýtur mál að koma til kasta biskups og ráðherra. Flest þessara starfa eru í samræmi við gildandi lög og venjur.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. segir almennt, að prófastur hafi þau afskipti af veitingu prestakalla, sem lög kveði á um. Skv. lögum 32/1915 er prófasti ætlað mikið hlutverk við prestskosningar, og vísast til þeirra laga í heild sinni um það efni. Ef þessum reglum verður breytt, verður í nýrri löggjöf kveðið á um störf prófasta við hina breyttu hætti.

Í 2. mgr. er prófasti ætlað að skipuleggja endurmenntun presta, sem prófastsdæmi beitir sér fyrir. Myndi slík endurmenntun væntanlega fara fram í samvinnu við starfsstöð, sem komið kynni að vera á fót. Þetta ákvæði er nýmæli.

Í 3. mgr. segir, að prófastur sjái um bókasafn prófastsdæmis, er koma skuli á fót. Er þetta nýmæli. Vitaskuld er hér átt við yfirumsjón með bókasafni, en vinna við það kæmi eftir atvikum í hlut annarra manna.

Um 34. gr.

Í þessari grein er vísað til laga um afskipti prófests af kirkjugörðum og heimagrafreitum. Eru nú fyrir mæli um það efni í lögum um kirkjugarða 21/1963. Eru prófasti þar ætluð margs konar verkefni, og vísast til laganna í heild sinni um það efni.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um, að í hverju prófastsdæmi verði prófasti lögð til starfsaðstaða með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds. Hagar hér mismunandi til eftir aðstæðum. Er alveg ljóst, að prófastar geta ekki gegnt störfum sínum nema þeim sé tryggð starfsaðstaða, sem sé við hæfi eftir staðháttum.

Um 36. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um launakjör prófesta og greiðslur til þeirra vegna ferðalaga.

Um 37. gr.

Biskup hefir boðað prófesta til fundar einu sinni á ári sl. árum. Hafa fundirnir gegnt mikilvægu hlutverki. Hér er lagt til, að lagagrundvöllur verði fenginn fyrir fundum þessum.

Um 38. gr.

Þar er kveðið svo á, að biskup setji próföstum erindisbréf. Er efalaust ávinningur að því, sbr. og um erindisbréf presta 14. gr. frv. og um erindisbréf annarra starfsmanna, sbr. 26. og 29. gr. frv.

Um IV. kafla

Í þessum kafla frv. er fjallað um biskupa og biskupsdæmi íslensku þjóðkirkjunnar. Svo sem fyrr greinir, er lagt hér til í samræmi við rækilega markaða stefnu kirkjubings, að biskupsdæmi verði þrjú á landi hér, Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Eru síðan ákvæði í frv. um landfræðileg mörk biskupsdæma, sbr. 39. gr. og svo um störf og starfshætti biskupa og embættisleg tengsl milli Reykjavíkurbiskupsdæmis og hinna biskupsdæmanna tveggja, en biskup Reykjavíkurprófastsdæmis er nefndur biskup Íslands í frv. Um starfsþætti í biskupsembætti gætir ekki verulegra nýmæla. Eru þau ákvæði um sumt samtaka annarra laga og endursamin ákvæði eldri laga, þ. á m. erindisbréfs handa biskupum frá 1. júlí 1746. Í nokkrum eignum er lagt til, að lögfestar verði venjur, sem myndast hafa í lagaframkvæmd.

I.

Hér að framan er það rakið, að frv. til laga um fjölgun biskupa og um biskupsdæmi hafa verið flutt þrívégis á Alþingi, 1941, 1945 og 1976. Jafnframt var sýnt fram á, að kirkjubing hefir alloft samþykkt frumvörp, sem fela í sér fjölgun biskupa, þ. e. árin 1958, 1964, 1966 og 1968 og síðast 1982 og 1984. Á prestastefnu og hjá Prestafélagi Íslands hafa slíkar hugmyndir einnig oft verið uppi. Sama er og um kirkjuráð. Langoftast hafa hugmyndir manna hnigið að því, að biskupsdæmi yrðu þrjú og biskupar þrír með fullu biskupsvaldi, en jafnframt yrði biskupinn í Reykjavíkurbiskupsdæmi biskup Íslands. Er frv. það, sem hér er flutt í samræmi við þetta.

Rökin fyrir fjölgun biskupa með sjálfstæðu biskupsvaldi eru bæði reist á sögulegum ástæðum og mati á raunhæfum þörfum.

1. Frá sögulegu viðhorfi minnst menn þess, að allt til ársins 1800 voru biskupssetrin tvö, í Skálholti og á Hólum. Af biskupssetrunum stafar mikill ljómi. Þau voru helstu menningar- og skólasetrin í landinu öldum saman. Þaðan var miðlað ýmsum menningar- og mannbótaáhrifum. Þar sátu trúarleiðtogar og kirkjuskörungar, er komu mjög við sögu lands og þjóðar. Hins minnst allir Íslendingar, að það var á niðurlægingatíma þjóðarinnar, sem

biskupssetrin voru flutt frá Hólum og Skálholti. Sú sögulega staðreynd orkar sterkt á hugi margra, er telja það löngu tímabært að endurreisa biskupssetrin og koma þar upp kirkju- og menningarstofnunum með þeirri reisu, sem hæfir, — stofnunum, er auðgað geta íslenska menningu og trúarlíf landsmanna og stuðlað að gróandi þjóðlífi. Stórkostlegt átak hefir orðið um endurreisn Skálholtsstaðar og ekki síst fyrir atbeina Skálholtsfélagsins, félagssamtaka margra ágættra manna. Að sínu leyti hefir Hólafélagið, félag áhugamanna um endurreisn Hólastaðar, unnið ágætt starf. Starfsemi þessara tveggja félaga sýnir glögglega, að það er almennur áhugi á endurreisn biskupssetrana og það eru ekki eingöngu stofnanir kirkjunnar sem láta sig þetta mál miklu skipta.

2. **Starfsemi þjóðkirkjunnar hefir vaxið** stórkostlega síðustu áratugina með auknum íbúafjölda, fjölgun kirkna og safnaða og með stóru auknum verkefnum, sem kirkjan sinnir nú til viðbótar við hefðbundinn starfsvettvang sinn. Allt þetta kallar á aukna starfskrafta í þágu kirkjunnar og þá einnig skipulagningu, uppörvun og umsjón með starfsemi sinni svo og stjórnsýslu. Slík skipulagning og uppörvun til starfa kemur ekki síst frá biskupum. Mönnum hefir lengi verið það ljóst, að einum biskupi er ofviða að valda því mikla hlutverki, sem biskupi er ætlað í þjóðkirkju landsins, þ. á m. eftirlit og yfirumsjón með kristnihaldi og hinni víðtæku starfsemi kirkjunnar og miklum stjórnsýsluverkefnum.

Hér koma og til tengslin við erlend kirkju- og trúarfélög, en þau samskipti fara mjög vaxandi til ómetanlegs gagns fyrir íslensku þjóðkirkjuna. Er biskupi ofvaxið að rækja þau tengsl, svo sem æskilegt væri, við vaxandi verkefni innanlands.

Sú leið er farin í þessu frv. að mæla fyrir um þrjú biskupsdæmi. Verður biskupinn í Reykjavíkurbiskupsdæmi þá biskup Íslands, er fari með stjórn sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, en hinir biskuparnir tveir fari með sérmálefni hvors biskupsdæmis um sig. Miðað er við, að kostnaði af skrifstofuhaldi á biskupssetrunum í Skálholti og á Hólum verði stillt í hóf og eftir atvikum, að biskupsritari þar (fulltrúi) gegni einnig prestsembætti að hluta til. Á það er að líta, að ekki verður undan því vikist að létta störfum af biskupi. Virðast þá einkum vera þeir tveir kostir að efla vígslubiskupsembættin eða stofna til sjálfstæðra biskupsembætta. Þótt fyrri leiðin yrði farin, hlyti að stafa svipaður kostnaður af henni að því er varðar skrifstofuhald og mannafla þar eins og þeirri leið, sem hér er stungið upp á, og jafnframt yrði að létta af vígslubiskupum hluta af prestsstörfum þeirra.

II.

Á Alþingi 1976, vorþingi og haustþingi, var flutt frumvarp um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, en frv. dagaði uppi og var ekki flutt síðar, eins og fyrr greinir. Í greinargerð með því frv. eru reifuð nokkur söguleg atriði, varðandi biskupsdæmin. Þykir mega vísa til þeirrar greinargerðar um þau efni.

Þess er áður getið, að ákvæði IV. kafla þessa frv. er í samræmi við frv. kirkjuþings frá 1984. Um þá hugmynd að hafa biskupsembættið eitt, eins og nú er, en efla vígslubiskupsdæmin og fela vígslubiskupum ýmis verkefni biskups, hvorum í sínu biskupsdæmi, má m. a. benda á frv. það, er flutt var á Alþingi 1945.

III.

Hér á eftir verður nú vikið að hverri einstakri grein þessa kafla.

Um 39. gr.

Hér er mælt fyrir um, að þrjú skuli vera biskupsdæmi á landi hér. Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Jafnframt er gert ráð fyrir, að vígslubiskupsembætti verði lög niður.

Um 40. gr.

Í þessari grein er kveðið á um mörk biskupsdæma. Nær Reykjavíkurbiskupsdæmi yfir Reykjanes, Vesturland og Vestfirði, frá Kjalarnesprófastsdæmi til og með Ísafjarðarprófastsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi yfir Austurland og Suðurland frá Múlaprófastsdæmi til og með Árnesprófastsdæmi, en Hólabiskupsdæmi yfir Norðurland frá Húnavatnsprófastsdæmi til og með Þingeyjarprófastsdæmi. Teljast 6 prófastsdæmi til Reykjavíkurbiskupsdæmis, 5 til Skálholtsbiskupsdæmis og 4 til Hólabiskupsdæmis. Verður Reykjavíkurbiskupsdæmi miklu fjölmennast, með 169 263 íbúa, þá Hólabiskupsdæmi með 37 907 íbúa, en Skálholtsbiskupsdæmi með 33 273 íbúa, allt miðað við 1. desember 1984 (af þeim eru 93,1% þjóðkirkjumenn).

Um 41. gr.

Í henni segir um biskupssetur, og skulu þau vera í Reykjavík, í Skálholti og á Hólum, en með tilskipun forseta Íslands má þó, að tillögu kirkjumálaráðherra, ákveða önnur biskupssetur innan biskupsdæma, enda mæli meiri hluti þjónandi presta og leikmanna, sem rétt eiga þar til biskupskjörs, með því. Um þetta mál hefir verið mikið rætt á undanförunum árum og áratugum, og fylgir frv. hér afstöðu kirkjubings til þessa máls. Er þetta svipað fyrirkomulag að sínu leyti eins og í frv. 1976. Byggt er á, að atkvæði presta og leikmanna verði talin samfellt og er ákvæðið um meiri hluta við það miðað.

Um 42. gr.

Hér segir um tengslin milli biskups Íslands og hinna biskupanna tveggja, svo og um starfsvettvang biskupa og nokkur störf þeirra.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn mála þjóðkirkjunnar og er fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum í málum, sem varða kirkjuna í heild sinni. Boðið er, að biskup Íslands hafi samráð og samstarf við hina biskupana og getur hann falið þeim að koma fram fyrir hönd kirkjunnar. Á hið síðastnefnda bæði við fyrirsvar gagnvart stjórnvöldum innanlands og svo erlendis.

Í 2. mgr. segir hins vegar um sérmál biskupsdæmis, og fer hver biskup með þau. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum þar að lútandi. Ekki eru í greininni fyrirmæli um málskot til kirkjumálaráðherra.

Í 3. mgr. segir um verkefni biskupa og er þar getið vígslu presta og kirkna og yfirumsjónar með kristnihaldi og svo tillagnagerðar, umsagna og álitsgjörða um mál, er varða biskupsdæmi sérstaklega. Þá er þess getið, að þeir setji próföstum og prestum og sóknarnefndum erindisbréf, sbr. og 14. og 38. gr. frv. Biskup Íslands setur þá starfsmönnum skv. 15. og 17.–25. gr. erindisbréf. Þá segir, að biskupar skuli vísitera kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmis, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Um þær vísitasíur segir svo nánar í 52. gr.

Í þessari grein eru tekin upp ýmis verkefni, sem biskupar hafa rækt frá fornu fari og m. a. er getið í erindisbréfi handa biskupum 1. júlí 1746.

Um 43. gr.

Í þessari grein er kveðið á um sameiginleg málefni kirkjunnar. Annast Biskupsstofa í Reykjavík afgreiðslu þeirra mála, þ. á m. málefni kirkjubings og kirkjuráðs. Þá heyrta sérmál Reykjavíkurbiskupsdæmis einnig undir Biskupsstofu.

Skv. 2. mgr. er Skálholtsbiskupi og Hólabiskupi heimilt að ráða sér fulltrúa og þá annað starfslíð eftir ákvörðun kirkjumálaráðherra. Fulltrúi þarf ekki að vera guðfræðingur skv. þessu.

Í 3. mgr. segir, að biskup hafi forræði á dómkirkju biskupsdæmis síns og beri ábyrgð á helgihaldi í henni. Vænta má þess, að venjur mótist um tengsl biskups og sóknarnefndar og sóknarpresta við dómkirkju.

Í 4. mgr. er kveðið á um eignir og sjóði. Ef þeir eru bundnir við sérstök biskupsdæmi, heyra þeir undir biskup þess, en um aðra sjóði og eignir annast Biskupsstofa að því er vörslu þeirra og reikningshald varðar. Kirkjuþing ræður þessum eignum, enda mæli lög, skipulagsskrár og aðrir löggæringar því eigi í gegn. Til ráðstöfunar kirkjueigna er skv. þessu áskilið samþykki kirkjuþings.

Sérlög eru um Skálholtsstað, sbr. lög 32/1963, og má telja líklegt, að slík lög verði einnig sett um Hólastað.

Úr vafaatriðum um skil milli biskupa einnig að því er varðar þau málefni, sem greinin tekur yfir, sker biskup Íslands, sbr. 42. gr.

Ef ákvæði IV. kafla frv. verða lögfest, verður sýnilega að fara fram rækileg úttekt á því, hver málefni heyri undir biskupsdæmin og hver undir biskup Íslands. Geta þar orðið vafaatriði, sem kirkjunnar menn geta sjálfsagt leyst farsælega.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um, að þegar biskup vígir kirkju skuli hann setja henni máldaga með lýsingu á kirkjunni og greiningu á gripum hennar, eignum og réttindum, svo og greiningu á þjónustu, sem kirkjan á rétt á, og enn á því hver sóknarmörk séu. Máldaga skal varðveita við biskupsembætti. Er þetta forn háttur.

Í 2. mgr. er kveðið svo á, að biskup leggi hverri kirkju til sérstaka bók, kirkjubók, sem í verði færðar allar athafnir, sem framkvæmdar eru í kirkjunni. Slík bók getur haft mikið gildi, sbr. og lög um kirkjusóknir o. fl., 23. gr. Einnig er vikið að kirkjuskrá, sbr. sömu heimild.

Í 3. mgr. er endurtekið ákvæði erindisbréfs handa biskupum frá 1746, 16. gr., og konungsbréfs 5. apríl 1749 um gildi kirkjuskráa og máldaga (en leiðrétt er rangt ártal í 16. gr. að því er varðar máldaga Auðunar biskups), sbr. m. a. um þetta Eignarétt eftir Ólaf Lárusson, bls. 151–152, Kirkjurétt Jóns Péturssonar, bls. 220 0. áfr., og Kirkjurétt Einars Arnórssonar, bls 163 o. áfr. Hefir reynt á gildi þessa ákvæðis í allmörgum dómum og er niðurstöðum þeirra lýst svo „að það, að kirkju væri eignuð tiltekin réttindi í einhverjum af þessum máldagabókum, væri nægileg sönnun fyrir því, að þessi réttindi tilheyrðu henni, og að sá, sem véfengdi það, yrði að sanna betri rétt sinn...“ (Eignaréttur Ólafs Lárussonar, bls. 152), sbr. og Lyfd. X (eldra), bls 118.34.

Um 45. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að óvígður guðfræðingur, er sækir um prestsstarf í þjóðkirkjunni, skuli fá vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gera verði til manns, sem slíka víglu fær, en þeir einir fá slík vottorð, sem eru hæfir til „að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna“, Um lagaskilyrði fyrir prestsembætti segir í 2. gr. frv., og er sérstök ástæða til að benda á 4. tl. 2. gr. í tengslum við 45. gr. Þetta eru forn ákvæði í kirkjurétti, sbr. einnig 43. gr. í erindisbréfi handa biskupum frá 1. júlí 1746. Biskup verður vitaskuld að gæta lögmæltra embættisskilyrða og réttra lagasjónarmiða, og t. d. væri eigi lögmætt að synja kvenguðfræðingi um vottorð vegna kynferðis hennar, sbr. 5. tl. 2. gr. Vísað er annars til athugasemdar við 2. gr. frv. m. a. við 3. tölulið.

Um 46. gr.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Biskup Íslands er fulltrúi á kirkjuþingi, en hinir biskuparnir tveir eiga einnig sæti þar, með málfrelsi og tillögurétti. Þeir eiga hins vegar ekki sæti í kirkjuráði skv. frv.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um prestastefnu.

Biskup Íslands boðar til prestastefnu íslensku þjóðkirkjunnar og er forseti hennar eins og verið hefir. Á prestastefnu hafa atkvæðisrétt allir starfandi þjóðkirkjuprestar, og þá einnig biskupar Skálholtsbiskupsdæmis og Hólabiskupsdæmis, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, þeir er guðfræðimenntun hafa. Er hér átt við prófessora og dósentu og lektora í föstu starfi, ef því væri að skipta. Aðrir prestar, þ. á m. fríkirkjuprestar, svo og aðrir guðfræðingar, þ. á m. prestar, er látið hafa ef embætti, eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Ekki eru ákvæði í frv. um verkefni prestastefnu og fá lagaákvæði tengjast henni, sbr. þó um bókanefnd prestakalla lög 17/1931, 4. gr. Þykir ekki þörf á að setja ákvæði í frv. um þetta efni.

Viðkomandi biskup boðar prestastefnu, er bundin er við biskupsdæmi. Er hann forseti hennar. Um fundarsetu og atkvæðisrétt gilda hliðstæðar reglur og um prestastefnu þjóðkirkjunnar eftir því sem við á.

Um 48. gr.

Ákvæðið fjallar um leikmannastefnu, og er það nýmæli.

Biskup Íslands boðar til hennar. Leikmannastefna á að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða, einkum þau, er varða leikmenn og störf þeirra innan kirkjunnar. Ekki þykir þörf að lögfesta ákvæði um verkefni leikmannastefnunnar. Á leikmannastefnu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi, en þó tveir úr Reykjavíkurbiskupsdæmi, kjörnir af leikmönnum á héraðsfundi, og einn fulltrúi fyrir hver landssamtök kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, og enn kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar. Leikmenn einir eru kjör-gengir, og er eðlilegt að telja, að guðfræðingar séu það ekki, enda eiga þeir sæti á prestastefnu. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum um setu á leikmannastefnu, þegar hann boðar til stefnunnar, þ. á m. hvaða landssamtök þar eru, sem til greina kemur að sendi fulltrúa. Um kennara guðfræðideildar er þess að geta, að hér eru eingöngu fastir kennarar, sem til greina koma. Gert er ráð fyrir, að leikmannastefna setji sér fundarskóp og þ. á m. um kosningu forseta og varaforseta og annarra starfsmanna, um undirbúning funda, millipinganeindir o. fl.

Benda má á, að hinir svonefndu almennu kirkjufundir tíðkuðust um alllangt árabíl og gegndu góðu hlutverki sem vettvangur til almennra umræðna um málefni þjóðkirkjunnar. Eru þeir m. a. fyrirmyndin að ákvæðum frv. um leikmannastefnu.

Ekki er það bundið í greininni, að leikmannastefna verði haldin ár hvert, en biskup Íslands ræður því máli til lykta hverju sinni. Er á því byggt, að kostnaður við þinghald verði greiddur af ráðuneytinu. Þess er enn fremur vænst að héraðssjóðir muni standa straum af kostnaði fulltrúa við að sitja leikmannastefnu.

Um 49. gr.

Hér segir, að prestastefna og leikmannastefna geti lagt mál fyrir kirkjuráð til flutnings á kirkjuþingi. Að sínu leyti má vænta þess, að leitað verði álits prestastefnu og leikmannastefnu um ýmis mál, sem þessir aðiljar fjalla um.

Um 50. gr.

Hér er mælt fyrir um biskupafundi og að þeir geti lagt mál fyrir kirkjuþing. Slíkir fundir tíðkast nú þegar, þ. e. fundur biskups og vígslubiskupanna tveggja.

Um 51. gr.

Biskup Íslands hefir embættisbústað í Reykjavík, hinir biskuparnir tveir sitja á Hólum og í Skálholti, og felst í ákvæðinu, að þeim verði fengnir þar embættisbústaðir. Að sjálfsögðu verður einnig að búa þeim skrifstofuaðstöðu og aðra starfsaðstöðu á biskupssetrunum.

Um 52. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um vísitasúr biskupa. Er þar fylgt venjubundnum reglum, sbr. og erindisbréf handa biskupum 1. júlí 1746. Er ekki ástæða til að fjalla frekar um það efni, en tekið skal fram, að ákvæði þetta er ekki tæmandi.